


Viðburðaríkt myndlistarsumar

Tveir myndlistarburðir hafa sett svip á menningarlífið í höfuðborginni í sumar umfram annað: hin alþjóðlega myndlistarsýning ON íceland 1997, sem Hannes Lárusson átti frumkvæðið að, og alþjóðleg námsstefna um myndlist, sem haldin var samhliða þessu sýningahaldi og að hluta til með sömu þátttakendum. Hvort tveggja tókst vel og var vítamínsprautu fyrir myndlistarlífið í landinu.

Sýningarnar ON íceland 1997 hafa náð til flestra sýningarsala borgarinnar og sýna hvernig samtímalistinn tekst á við sinn veruleika með ólíkum hætti, bæði hvað varðar miðillinn sjálfan og viðfangsefnið. Auk hefðbundnari myndlistar voru fjölmargir gjörningar sýndir í Nýlistasafninu sem undirritaður hafði ekki tók á að fylgjast með nema að litlu leyti. Hér í blaðinu hefur áður verið fjallað um verk þeirra Thomasar Hubers og Robins Pecks, en það var ekki síður fengur að sjá hér ógrandi eftirlíkingar Svisslendingsanna Peters Fischli og Davids Weiss á dóti úr ruslakompunni, sem þeir sýndu í Listasafni Íslands, eða að sjá IKEA-útfærslu Kanadamannsins James Grahams á súprematískri abstraktlist Kazimirs Malevich og miskunnarlausa túlkun Þjóðverjans Urs Lüthi á sjálfsvævisögu sinni í ljósmyndum, „sédum“ með bleikum augum löngunar og þrár“. Báðir þessir listamenn sýna í Norræna húsinu, ásamt dönsku listakonunni Elle-Mie Hansen sem sýnir gervitunglamyndir og fréttaskeyti er lýsa ástandi í hinum veðurfarslega og pólitíska lofthjúpi jarðarinnar.

Þá er einnig minnisstæð innsetning Kanadamannsins Davids Askevolds, „Don't Eat Crow“, sem hann sýnir á Kjarvalsstöðum: melankólskt myndbandsverk sýnt inni í blökkskúr, þar sem blaðskellandi kráka er að gæða sér á einhverju gömsætu á meðan ónefnd listakona úr rithöfundastétt rekur raunir sínar í sendibréfi til vinar. „Éttu ekki kráku“ mun vera enskt orðatækni sem merkir að maður eigi ekki að láta bjóða sér hvað sem er. Ljósmyndir og mynd-



James Graham: „Súprematískt Malevitsch-teppi með IKEA- húsgögnum“ í Norræna húsinu til 14. september.

bandsverk Vestur-Íslendingins Árna Haraldssonar voru einnig athyglisverð lýsing á þeirri víglínu byggðar og náttúru, sem getur tekið á sig óhugnanlega mynd ef hún er séð í víðara samhengi. Afar athyglisverð tilraun til að nota ljósmyndina til að túlka samspil byggingarlistar og umhverfis.

Yfirlýst þema allra þessara sýninga var „tímatengd myndlist“, og í víðri túlkun má teygja það hugtak nokkuð langt. En verkin sem hér um

Myndlist

Ólafur Gíslason

ræðir byggjast á gjörólíkum tæknilegum forsendum, jafnvel þótt skyldleika megi finna í inn-taki þeirra. Þannig má sjá vissan skyldleika þeirra Urs Lüthi og Thomasar Hubers í harm-sögulegri túlkun þeirra á trúðshlutverkinu, og túlkun þeirra James Grahams og Hubers á móðernískri formhyggju á sér líka snertifleti. Dagbókarkennd verk Elle-Mie Hansen, Urs

Lüthi og Askevolds hafa líka inntakslega snertifleti, og þannig mætti lengi telja. Æskilegt hefði verið að sjá meira af íslenskri myndlist í beinum tengslum við þessi verk, þannig að við gætum betur áttað okkur á stöðu okkar gagnvart þeim straumum í list samtímans sem þessi verk eru góðir fulltrúar fyrir. En mestu máli skiptir þó að hér höfum við fengið inntaksríkt og vandað yfirlit yfir nokkra helstu strauma í myndlist samtímans, og slíkt ætti ekki síst að vera ómetanleg hvatning fyrir myndlistarmenn okkar.

Alþjóðlega námsstefnan um myndlist, sem haldin var í tengslum við sýninguna ON íceland 1997 var ekki síður merkur viðburður. Það hefur varla gerst áður að fjórir kennarar úr fremstu röð frá Vesturheimi og Evrópu kæmu saman hér á landi til að kenna og starfa með blönduðum hópi íslenskra og erlendra listnema og listamanna. Sá sem hér skrifar átti hlut að máli á þessari námsstefnu sem skipuleggjandi og kennari, og hafði því tækifæri til að fylgjast með þétt-skipaðri dagskrá hennar í fullar tvær vikur. Er skemmt fró að segja að það voru óvenjuleg forréttindi að fá að fylgjast með starfi og kennslu frábærra listamanna á borð við þá Thomas Huber, Robin Peck og James Graham. Þá var ítalski listfræðingurinn Liborio Termine ekki síður óvænt vítamínsprautu með sinn suðræna ástríðubunga og sína glöggu túlkun á stöðu ljós-myndarinnar. Skilningur hans á stöðu Íslands í evrópsku samhengi, sem hann setti fram á lokamálþingi námsstefnunnar í Norræna húsinu og í viðtali hér í blaðinu síðastliðinn fimmtudag, var líka ógrandi hvatning.

Uppskeyra þessa viðburðaríka myndlistarsumar er langt frá afstaðin, því þessir atburðir eiga eftir að skila sér í margvíslegu formi í íslensku myndlistarlífi á næstu misserum og árum. Vonandi verður alþjóðleg námsstefna um myndlist að árlegum viðburði á Íslandi í framtíðinni.

Nína Margrét á amerískan markað

Nína Margrét Grímsdóttir hefur gert samning, fyrst klassískra íslenskra pianóleikara, við bandarískt dreifingarfyrtæki í New York. Hann felur í sér dreifingu á geisladiski Nínu Margrétar, Mozart & Mendelssohn, í allar helstu tónlistarverslanir í Bandaríkjunum. Diskurinn kom út hjá Skrefi fyrir síðustu júl og var dreift af Jap- is hér innanlands. Hann hefur verið leikinn reglulega á klassísku útvarpsstöðvunum WNYC í New York, WVIA í Pennsylvaníu og á CJRT í Toronto fyrir milljónir útvarpshlustenda.

Nína Margrét Grímsdóttir.

Sjálf býr Nína Margrét í Bandaríkjunum og starfar þar. Hún verður fulltrúi Íslands á skandinaviskum tónleikum í Steinway Hall í haust og mun kynna íslenska og bandaríska pianótónlist. Meðal annars frumflytur hún þar nýtt verk eftir John Speight.

Nína Margrét var enn fremur nýlega valin í úrslit Simone Belsky píanokeppninnar sem er haldin í Bandaríkjunum annað hvert ár.

Söngnámskeið Orlowitz

Íslenska óperan stendur fyrir komu söngkennarans Andrés Orlowitz hingað til lands 16.-20. september næstkomandi. Hann hafði „masterklass“ hér í fyrrahaust sem mikil ánægja var með og hafa íslenskir söngvarar sótt tíma hjá honum síðan til Kaupmannahafnar. En nú kemur hann til okkar og verður með þrenns konar námskeið: virka þátttöku, sem kostar 15.000 kr., áheyrnarþátttöku, sem kostar 6.000 kr., og áheyrn einn dag í senn sem kostar 1.500 kr.

Andrés Orlowitz barítónsöngvari fæddist í Póllandi og lærði við Tónlistarháskólann í Gdansk, fyrst á fíðlu og síðan söng. Hann stundaði framhaldsnám á Ítalíu og hefur sungið í helstu óperuhúsum þar, í Þýskalandi, á Norðurlöndum og víðar. Einnig hefur hann sungið með hljómsveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum, Japan, Ástralíu og Taívan. Hann er einnig þekktur fyrir söngnámskeið sín og fyrirlestra um víða veröld.

Nánari upplýsingar fást hjá Íslensku óperunni.

„Á-Kafi“

Stopp-leikhópurinn lætur ekki deigan síga í baráttunni við fíkniefnin. Í „Skiptistöðinni“ í fyrri var fjallað um eiturlyf og nú er hann að æfa nýtt leikrit eftir Valgeir Skagfjörð, „Á-Kafi“, um skaðsemi tóbaksreykinga. Það verður frumsýnt á Vestfjörðum um miðjan þennan mánuð. Þetta verður farandleikssýning fyrir 7. og 8. bekk grunnskóla og foreldrafélög, og hún er unnin í samvinnu við Krabbameinsfélag Reykjavíkur og Tóbaks-ingum.



Eggert og Katrín hæðast að reyk-ingum.

Í leikritinu er brugðið upp myndum úr lífi reykingafólks og aðstandenda þess þar sem ósiðirnir fá háðulega útreið. Fjórtaán persónur koma við sögu en þær eru leiknar af aðeins tveim leikurum – svona í stíl við Bar þar. Leikararnir eru Eggert Kaaber og Katrín Þorkeldsdóttir en höfundur leikstýrir sjálfur.

Umsjón

Silja Aðalsteinsdóttir

„Lífið er aðeins hér“

Titill þessarar umfjöllunar er tekinn úr nýtkominni ljóðabók Erlings Sigurðarsonar frá Grænavatni, Heilyndi, og segir sitt um innihald hennar. Höfundur er tíðrætt um dauðann og í fleiri ljóðum einu er fjallað um möguleikana sem manninum er boðið upp á á langri ævi, ævi sem þegar á allt er litið er kannski ekki svo ýkja löng. Og möguleikana nær hann ekki alltaf að grípa af mörgum og misjöfnum ástæðum. Stundum er hann of upptekinn af að skima eftir því sem er hinum megin við fjallið í stað þess að njóta þess sem hann hefur hér og nú. Svo uppgötvar hann skyndilega að tímaglasíð er að tæmast og þá „lýkst upp hið sanna: Lífið er aðeins hér“, eins og segir í upphafsljóði bókunnar „Lífshlaupi“.

Bókmenntir

Sigríður Albertsdóttir

„Lífshlaup“ er að mínu mati eitt fallegasta ljóð bókunnar og holl áminning til okkar nútímamanna sem lifum svo hræðilega hratt og gefum okkur of sjaldan tíma til að staldra við (bls. 11):

Því held ég áfram og himinsins víddir kanna og horfi sífellt í fjarskann, hvar blánar loft, en gleymi hinu: Að lifa á meðal manna og miðla öðrum af sjálfum mér, vel og oft.

Þemað er augljóst: Leitið ekki langt yfir skammt. Ljóðmælandi er fullur angurværðar og trega þegar hann minnst þeirra fjölmörgu stunda sem hann stíkaði allt of hratt á milli „staða“, fullur óyndis og eirðarleysis, í stað

þess að njóta lífsins hér og nú.

Mörg ljóðanna eru með raunalegum undirtón og lesandinn er iðulega minntur á að maðurinn er alltaf einn, hann fæðist einn, ferðast einn og yfirgefur heiminn einn. (Sjá t.d. „Einn“, bls. 34.) En hamingjan er innan seilingar þrátt fyrir allt, ef til vill í líki lítills barns sem gefur þreyttum „lífsgleði, yl“ („Bæn“, bls. 19). Og æðruleysið fær einnig sinn skammt (úr Hugró bls. 41):

Mæltu ei æðru, maður, þótt myrkrið leggist að. Áður skein ljós um alheim en einhver slökkti það.

Reyndu heldur að halda hugarró þinni og gá hvort ekki megi ennþá einhverja ljósgeisla sjá.

Rúmlega helmingur bókunnar inniheldur frumsamin ljóð en í seinni hlutanum eru ljóð þýdd úr þýsku. Það fyrsta er eftir Johann Wolfgang von Goethe (1749-1832) og það síðasta eftir Reiner Kunze (f. 1933). Eftir því sem ég best fæ séð eru þýðingarnar laglega af hendi leystar, en lesandur geta auðveldlega kannað málið sjálfir því hvert ljóð má finna á frummáli við hlið þýðingar. Það er mikill og góður kostur.

Heilyndi Erlings Sigurðarsonar er falleg og vönduð ljóðabók og ég tel að margir muni njóta hennar. Ekki bara unndur hins hefðbundna ljóðforms heldur flestir þeir sem kunna að meta ljóð.

Erlingur Sigurðarson frá Grænavatni: Heilyndi Mál og menning 1997

